

Kæru kennarar, starfsmenn, nemendur og gestir.

Ég vil byrja á því að óska okkur öllum sem hér eru til hamingju með þennan fallega dag.

Í dag ríkir sól, sól í hjörtum okkar og bjart yfir þeirri framtíð sem bíður okkar rétt handan við hornið.

Í dag fögnum við áfanganum að útskrifast sem stúdent, áfanga sem þið öll sem hér eruð hafið stutt okkur við að ná, foreldrar og fjölskyldur okkar með ómældum hrósum og góðum ráðum.

Hér í FSN hafa árin verið viðburðarrík við höfum fengið vegnasti menntunnar og uppeldis sem á eftir að duga okkur út ævina. Hér hefur okkur liðið vel, eignast góða vini í samnemendum, kennurum og starfsfólki skólans.

Okkur hefur verið kennt góð gildi, vönduð vinnubrögð, samvinnu og samheldni. Í FSN er námið okkar verkefnaðið og kennt er í opnum rýmum. Tel ég að þessir kennsluhættir geri okkur færari við að vinna við fjölbreyttar aðstæður.

Við erum þakklát öllum dásamlegu kennurunum okkar. Sú elja sem kennararnir hafa haft, óþrjótandi þolinmæði og trú á okkur. Því stundum höfum við viljað fara styttri leiðina, rumpa verkefnunum af og ekki alltaf lesið fyrirmælin. Í dag sjáum við að þrautsegja ykkar við að toga okkur lengri leiðina borgaði sig. Nú eldri og vitrari sjáum við að það borgar sig á að byrja á fyrirmælunum.

Í mötuneytinu erum við svo rík að búa að góðu atlæti. Mæðgurnar Anna og Begga hafa agað okkur með góðum siðum, hlustað á raunir okkar og síðast en ekki síst alið okkur með kjarngóðu fæði sem hefur gefið okkur eldsneyti í alla vinnuna.

Á skrifstofunni hafa þær Rúna og Lilja átt stóran þátt í sjálfstæði okkar, þær hafa elft okkur til sjálfstæðis. kennt okkur allt sem við þurfum að gera til að hafa gott skipulag og að við vitum hvar við lögðum frá okkur dótið okkar og erum öll sérfræðingar í að prenta út og ljósrita.

Óli húsvörður er í uppáhaldi hjá okkur öllum, það er alveg sama hvað bjátar á hann á ráð undir rífi hverju og alltaf til í að græja það sem vantar. Hann á heiðurinn af því hvað við erum fær í að ganga frá og taka til, því með djúpri einlægni hefur hann fengið hvert og eitt okkar til að langa til þess að hafa snyrtilegt í kringum okkur.

Heitasta ósk hvers og eins einasta nemanda og kennara, viðurkennið það bara, er að fá SMS frá Óla að morgni.

Síðast en ekki síst eru skvísurnar sem stjórna skútunni þær Hrafnhildur, Sólrún og Birta sem hafa raðað saman áföngunum okkar, pikkað í okkur þegar við mættum gera betur og hrósað okkur þegar vel gengur. Haft vit fyrir okkur þegar við viljum fara of hratt eða of hægt. Af ykkur höfum við lært hversu mikilvægt er að skipaleggja sig og hafa hóflega mikið að gera því það þarf jú líka að hafa gaman og skemmta sér.

Sérstakar þakkir vil ég færa Lofti og Hadda fyrir frábæra samvinnu við nemendafélagið þeir hafa verið okkur mikill stuðningur og gert okkur kleyft að hafa skemmtanalífið í skólanum fjölbreytt og fjörugt.

Að fá tækifæri til að vaxa og dafna í þessu umhverfi er ríkidæmi.

Ég óska ykkur öllum gleði og gæfuríkrar framtíðar.

Takk fyrir mig.